

**Sp. 723. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]**

um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar, að skipuð skuli 12 manna nefnd til að endurskoða stjórnarskrána með sérstakri hliðsjón af tillögum, þeim til þingsályktunar, ásamt greinargerðum, á þskj. 525 og 531, sem fluttar hafa verið á Alþingi 1971. Af nefndarmönnum skulu 7 kosnir af Alþingi, en ríkisstjórnin skipar 5 menn. Skulu 2 þeirra tilnefndir af Hæstarétti, 2 af lagadeild Háskóla Íslands og einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Forsætisráðherra kveður nefndina saman til fyrsta fundar, en hún skiptir sjálf með sér verkum. Miðað skal að því, að unnt verði að leggja stjórnarskrárfrumvarp nefndarinnar fyrir Alþingi 1974.

Nefndinni ber að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna, landshlutasambanda sveitarfélaga og landssambanda stéttarfélaga. Með opinberri tilkynningu skal þeim, sem þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina skriflegum og skriflega rökstuddum breytingartillögum við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma, sem nefndin tiltekur.

Kostnaður við endurskoðun stjórnarskrárinnar greiðist úr ríkissjóði.

**G r e i n a r g e r ð .**

Til allshn. hefur verið vísað tveim tillögum til þingsályktunar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, á þskj. 525 og 531. Það hefur orðið að samkomulagi í nefndinni að afgreiða báðar þessar tillögur sameiginlega þannig, að nefndin flytji sjálf nýja tillögu um málið, og er sú tillaga hér með lögð fram. — Nánar í framsögu.